



Reglur Vesturbyggðar um leyfisveitingu til daggæslu barna á Patreksfirði.

1. gr.

Velferðarráð veitir leyfi til dagvistunar í heimahúsi í samræmi við reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

2. gr.

Umsækjandi skal hafa náð 20 ára aldri, hafa reynslu og/eða menntun á sviði uppeldismála. Æskilegt er að viðkomandi hafi sótt slysavarnarnámskeið.

3. gr.

Með umsókn skal fylgja sakavottorð umsækjenda.

4. gr.

Umsækjandi skal gefa leyfi sitt til þess að umsögn Velferðarráðs verði aflað. Umsögnin skal staðfesta að nefndin geri ekki athugasemdir við að umsækjandi hafi börn í sinni umsjá.

5. gr.

Vesturbyggð leggur dagforeldri til húsnæði þeim að kostnaðarlausu og auk þess húsgögn og annað sem til er og getur nýst dagforeldri í starfi sínu. Vesturbyggð styður verðandi dagforeldra til að fara á námskeið skv. VII. kafla reglugerðar nr. 907/2005.

Dagforeldri sem hefur fengið leyfi til að starfa á Patreksfirði getur sótt um stuðningsstyrk til Vesturbyggðar ef fjöldi barna og samanlagðar tekjur standa ekki undir lágmarkslaunum dagforeldis skv. viðmiðunarfrjáæð í flokki E(4) sbr. reglur ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald fyrir ár hvert. Með umsókn skal fylgja upplýsingar um aðrar tekjur viðkomandi dagforeldis ásamt gjaldskrá dagforeldris. Dagforeldri þarf að hafa að minnsta kosti tvö börn fyrir utan eigið barn, til að geta fengið úthlutað stuðningsstyrk. Sé gjaldskrá dagforeldris verulegra lægri en almennt er í öðrum sveitarfélögum er heimilt að synja dagforeldri um stuðningstyrk skv. þessari málsgrein.

6. gr.

Ef börn sem eru hjá dagforeldrum samkvæmt reglum þessum og þurfa sérfræðiþjónustu skal skoða hvert tilfelli fyrir sig.

7. gr.

Verði foreldrar/forráðamenn varir við að eitthvað sé athugavert við umönnun barns í umsjá dagforeldris ber að ræða það við dagforeldri. Verði ekki breyting á skal foreldri snúa sér til fjölskyldusviðs Vesturbyggðar. Bent er á tilkynningarskyldu almennings skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 fái foreldri upplýsingar um að eitthvað sé mikið að varðandi aðbúnað og sinningu barna í gæslu dagforeldris.

8. gr.

Verði dagforeldrar og/ eða foreldrar uppvísir að rangfærslum við tímaskráningar barna vegna niðurgreiðslu á daggæslugjöldum verður dagforeldri svipt leyfi til daggæslu með mánaðar fyrirvara og niðurgreiðslur til viðkomandi foreldra falla niður



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

9. gr.

Gildistími

Gildistími þessara reglna er frá 1. febrúar 2023 til 31. ágúst 2023.

10. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglna Vesturbyggðar um daggæslu barna í heimahúsum varðandi leyfisveitingu, eftirlit og leyfissviptingar og reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

Lagt fyrir fræðslu- og æskulýðsráð 27. janúar 2023 og samþykkt.

Reglurnar verða teknar fyrir á bæjarstjórnarfundi 15. febrúar 2023



Reglur Vesturbyggðar um niðurgreiðslu vegna daggæslu barna á Barðaströnd.

1.gr.

Foreldrar/forráðamenn skulu eiga lögheimili í Vesturbyggð og barn þarf að hafa náð 6 - 9. mánaða aldri. Miðast þetta við hámarksrétt fæðingarorlofs sem er 9 mánuðir hjá sambúðaraðilum/hjónum en 6 mánuðir hjá einstæðu foreldri.

2.gr

Niðurgreiðsla Vesturbyggðar miðast við aldur barns samkv. 1. gr þessara reglna og til 5 ára aldurs.

3.gr

Dagforeldri sem tekur barn í gæslu þarf að hafa leyfi frá Vesturbyggð samkvæmt reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahússum og að fyrir liggi þjónustusamningur milli dagforeldris og Vesturbyggðar. Dagvistun er aðeins niðurgreidd að barn sé vistað hjá dagforeldri með starfsleyfi frá Vesturbyggð.

4.gr

Niðurgreiðslur miðast við fjölda tíma í vistun á dag. Ekki er greitt fyrir minna en 4 klst. á dag. Ekki er niðurgreitt fyrir máltíðir á vistunartíma.

5.gr.

Þegar barn byrjar í dagvistun tilkynna foreldrar dagforeldri að þeir óski niðurgreiðslu og dagforeldri sendir Vesturbyggð útfyllt eyðublað þar sem koma fram upplýsingar um dvalartíma barns. Foreldrar þurfa að staðfesta dvalartíma hjá dagforeldri. Niðurgreiðsla kemur til frádráttar frá dagvistunargjaldi og rennur til dagforeldris. Niðurgreitt er fyrir daggæslu 11 mánuði ársins. Foreldrar skulu greiða dagvistunargjald í upphafi hvers mánaðar skv. Samningi um daggæslu hjá dagforeldri.

6. gr

Nauðsynlegt er að foreldrar láti dagforeldri vita ef barn er haldið sjúkdómi og / eða barn þarf á lyfjagjöf að halda á meðan vistun stendur. Foreldrar láti dagforeldri vita af hugsanlegur fæðuóþoli barns síns og fylgist með útgáfu matseðla sem skulu gefnir út fyrirfram fyrir hvern mánuð.

7. gr.

Veittur er 25% viðbótar niðurgreiðsla ef um systkini er að ræða í daggæslu.

8. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglna Vesturbyggðar um niðurgreiðslu vegna daggæslu barna og reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

Samþykkt á 913. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar, 26. janúar 2021.

Patreksfirði, 28. janúar 2021



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri